

44 fram á, og vegna þess, að í tilskipun 4. marz 1874 virðist fólgin nægileg heimild til að
19. apríl. setja þá smærri verði, sem ástæða kynni að vera til.

Út af þessu skal hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með því að eigi verður sagt, eptir því sem þjer, herra landshöfðingi, skýrið frá, að reynslan hafi sýnt, að eigi megi ráða við kláðann með þeim ráðum, sem heimild er fyrir í lögum þeim, er nú standa, og með því að það er eigi nægileg ástæða til að láta slík bráðabirgðalög út ganga, sem þjer hafið stungið upp á, herra landshöfðingi, að svo getur farið, að sýkin verði magnaðri að vetri, — en um bráðabirgðalög skal þess getið, að það eitt er ekki nóg til að rjettlæta jafnóvenjulega brúkun á konungsvaldinu, að aðrar reglur, en nú standa, kynnu að vera vel til fallnar, — þá geta ráðgjafanum ekki fundizt ástæður þær, er þjer, herra landshöfðingi, lýsið, svo vaxnar, að rjett sje að fara að láta út ganga bráðabirgðalög samkvæmt 11. grein stjórnarskrárinnar, og áræðir hann því eigi að bera upp (fyrir konungi) allraþegnlegasta uppástungu í þessu efni. Ráðgjafinn verður og að yður samdóma um, að ekki er ástæða til að fallast á beiðni þá um bráðabirgðalög um vörð, er samþykkt var á fundi Eyfirðinga og Þingeyinga, og áður er getið.

45 — *Brjef landshöfðingja til bæjarfógeta um fullnaðarúrskurð á sveitarmáli.*
21. apríl. — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra bæjarfógeti, frá 20. novbr. f. á. með tók jeg erindi til ráðgjafans fyrir Ísland, þar sem þjer, af því að jeg hafði breytt ákvörðun bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, samþykktri af amtinu samkvæmt opnu brjefi frá 29. maí 1839 3. gr. A, um skaðabætur fyrir lóðarspildu, er tekin hafði verið af eiganda til að breikka með eitt af aðalstrætum kaupstaðarins — spyrjið fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, hvort tjeð opið brjef hafi ekki inni að halda þau fyrirmæli, er fara eigi eptir, þá er meta skal endurgjald fyrir lóðarnám til endurbóta á strætum bæjarins m. m., og sömul, hvort þóknun þeirri, sem ákveðin er samkvæmt nefndu lagaboði, verði breytt af æðri yfirvöldum. Eptir að jeg hafði sent ráðgjafanum þetta erindi, hefir hann í brjefi frá 26. febr. þ. á. tjáð mjer, að sjer sinnist ekki ástæða til að svara fyrirspurn bæjarstjórnarinnar af því, að hún snerti sveitarmálefni, er landshöfðingi leggur fullnaðarúrskurð á (sjá augl. frá 22. febr. 1872 12. gr. sbr. m. 20. gr.) og af því að eigi hefir komið fram nein umkvörtun um úrskurð landshöfðingja.

Þetta er til kynnt herra bæjarfógetanum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

46 — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um gjald úr amtssjóð-*
21. apríl. *um til læknasjóðs.* — Samkvæmt allraþegnlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefir hans hátign konunginum 21. febrúar þ. á. þóknast að fallast á, að skylda sú, er hvílir á amtsjafnaðarsjóðunum á Íslandi samkvæmt konungsúrskurði frá 10. maí 1867 2. gr. samanb. konungsúrskurði frá 12. ágúst 1848, að greiða læknasjóðnum, með skilyrði því, sem þar er tiltekið, 400 kr. árlega úr hverjum sjóði, skuli falla niður frá 1. janúar 1876.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

47 — *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um sölu á prestseturshjá-*
21. apríl.

leigu. — Samkvæmt allraþegnlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefir hans há-⁴⁷
tign konunginum 21. febrúar þ. á. allramildilegast þóknast að fallast á, að hjáleiga hins 21. apríl.
forna prestseturs að Hálsi við Hamarsfjörð, Teigarhorn í Geithellnahreppi í Suður-Múla-
sýslu, er nú heyrir til Hofsprestakalli í Álptafirði, verði seld verzlunarstjóra, kammerasse-
sor Weywadt í Berufirði fyrir 1600 krónur í 4% arðberandi konunglegum skuldabriefum,
er verði eign prestakallsins, og með því móti að goldin verði eptir hina seldu hjáleigu
tíund og önnur almenn gjöld, er á bændaeignum liggja.

Þetta er tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og frekari
ráðstöfunar.

— *Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um skaðabætur* ⁴⁸
fyrir skemmdir á póstsendingu. — Jeg hefi meðtekið frá 28. apríl.
herra póstmeistarann þóknanlegar skýringar og ítarlegar upplýsingar þær, er þörf þótti
á að útvega vegna skaðabótakröfu þeirrar, sem hafin hafði verið útaf því, að 28. júlí
f. á. hafði peningasending frá biskupsstofunni verið látin inn á póststofuna, sem átti að
komast með vestanpóstinum til prófastsins í Barðastrandarsýslu, og var sögð 313 kr.
94 aur., en ekki heimtað að hún væri talin á póststofunni, — en eptir skýrslu þess, sem
sendingin var til, hafði vantað á peningana 56 kr., þá er sendingin barst honum í hend-
ur —, og skal nú hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari auglýsingar þjón-
ustusamlega tjáð það, er hjer segir:

Það er upplýst í málinu, að um peningasending þessa hafi verið búið svo sem fyrir
er mælt í augl. 3. maí 1872, og að umbúðir hennar hafi verið nokkuð skaddaðar þegar
hún kom á póststöðvarnar í Bø í Barðastrandarsýslu, þó eigi meira en svo, að bæði
póstafgreiðandi og 2 vitni, sem voru við, þegar póstskrínurnar voru opnaðar, álitu það ó-
hugsandi, að neitt af því, sem í pokanum var, hefði getað smogið út, þar sem hann var
skemmdur, með því að margir þræðir, sem lágu langsetis eptir pokanum, voru heilir.
Umboðsmaður þess, er sendingin var til, var annar hinna viðstöddu votta, þegar póst-
skrínunum var lokið upp, og nefndi það að vísu lauslega, hvort ekki ætti að opna pok-
ann og telja í honum, en hjelt því ekki fast fram, eptir að pokinn var rannsakaður að
nýju og reyndist að vikt 2 pnd. 40 kvnt., en það stóð heima við það, sem hann átti að
vega eptir póstsendingaskránni frá Reykjavík. Pokinn var þá afhentur umboðsmanni
móttökumanns gegn kvittun hans í kvittunarbók póstafgreiðslunnar.

Með því að eptir þessu má álíta sannað, að umgetin peningasending hafi verið jafnþung
þegar hún var látin á póststofuna og þegar henni var skilað þeim, sem hún átti að fara
til, og þaræð skemmdir þær, er umbúðirnar höfðu orðið fyrir, eptir nákvæma rannsókn,
sem umboðsmaður meðtakanda tók sjálfur þátt í, voru álitnar svo lagaðar, að pening-
arnir ekki hefðu getað farizt gegnum þær, og þaræð umboðsmaður meðtakanda, eptir að
hann hafði tekið þátt í nýnefndri rannsókn, hefir tekið á móti og kvittað fyrir sendinguna,
er ekki undir rekstri málsins fram komin nein sönnun fyrir eða líkindi til, að það sem í
peningabögglinum var, hafi raskast neitt, meðan hún var í vörzlum póststjórnarinnar, en
þetta er eptir 13. gr. tilsk. um póstmál á Íslandi 26. febr. 1872 skilyrði fyrir endur-
gjaldsskyldu póstsjóðsins.

Samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, verður því endurgjaldskrafa sú, sem hafin er
í þessu máli, ekki tekin til greina.

Út af því, sem komið hefir fram í þessu máli, skal jeg biðja herra póstmeistarann
að mæla svo fyrir við alla póstafgreiðendur, að þegar póstsendingar hafa orðið fyrir þeim